

Miðvikudaginn 10. desember 1941.

Nr. 87/1941. Sveinn B. Valfells f. h. Sturlu Friðrikssonar
(Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn

Davíð Þorsteinssyni (Pétur Magnússon).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen
í stað hrd. Þórðar Eyjólfsssonar.

Landamerkjамál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, ásamt samdómsmönnum Andrési Eyjólfsyni og Þóri Steinþórssyni.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. okt. þ. á., krefst ómerkingar á hinum áfrýjaða dómi og heimvísunar málsins til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það hefur ekki verið í ljós leitt, að merkjalækurinn milli Veiðilækjar og Einifells hafi breytt um farveg frá því merkjaláskráin var gerð 1890 né að grjóteyrin fyrir ofan lónið, sem lækurinn rennur um, hafi orðið til á þessu tímabili, enda eru vætti, sem fram hafa verið færð, ýmist óskýr eða ósamhljóða sín á milli. Ber þess vegna að staðfesta héraðsdóminn að öllu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 5. sept. 1941.

Mál þetta er höfðað samkvæmt beiðni stefnanda í bréfi dags. 12. ágúst 1940, þingfest 2% 1940, áreið gerð 24. s. m. og tekið til dóms í gær. Hefur flutningur málsins dregið óhæfilega lengi, en mál-

færslumennirnir hafa gert þá grein fyrir drættinum, að hann stafi af því, að misfarist hafi uppdráttur, er gerður var af þrætusvæðinu.

Stefnandinn hefur lýst kröfum sínum á þessa leið:

1. Aðalkrafa: Að landamerki milli Einifells og Veiðilækjar við Norðurá verði ákveðin þannig, að merkjum ráði bein lína, dregin hornrétt á straum árinna úr farvegi lækjarins í brekkunni, þar sem hann skiptir sér á grasbalanum.
2. Varakrafa: Að merkin verði ákveðin hornrétt lína á straum árinna, dregin mitt á milli nyrðri og syðri farvegjar lækjarins, þar sem straumvatnið brýtur grasbakkann.
3. Þrautavarakrafa: Að merkin verði ákveðin, þar sem dómnum þætti eðlilegast að þau væru.

Stefndur lýsir kröfum sínum á þessa leið:

Að lækur sá, er um getur í landamerkjaskrá Einifells og Veiðilækjar, ráði merkjum milli jarðanna, þar til straumlina árinna tekur hann. Nánar tiltekið, að landamerki milli Einifells og Veiðilækjar séu eftir miðjum aðalfarvegi merkjalækjarins fyrir neðan Laxfoss, unz straumlina lækjarins sameinast straumlinu Norðurár.

Báðir krefjast málskostnaðar sér að skaðlausu.

Stefnandi rökstyður aðalkröfu sína með því að vísa til vottorða þeirra Þórarins Ólafssonar, Borgarnesi, Ólafs Ólafssonar, Akranesi, og Þórarins Sveinssonar, lækis í Reykjavík. En til stuðnings varakröfu sinni visar hann til vottorða þeirra Gests Kristjánssonar, Þórarins Sveinssonar, Hauks Kristjánssonar og Friðriks Þórðarsonar. Loks hefur hann lagt fram á rskj. 4 og 13 tvær ljósmyndir af þrætusvæðinu, aðra tekna fyrir 15—16 árum, en hina sumarið 1940, er hann telur að styðji kröfur sínar.

Stefndur rökstyður kröfu sína með tilvísun í vottorð þeirra Einars Sigurðssonar, bónda á Höll og Sigurðar Sigurðssonar, vinnumanns á Veiðilæk. Ennfremur getur hann þess, að í júnímánuði 1937 hafi stefndur í máli þessu kvatt Jón Hallvarðsson, settan sýslumann í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, á þrætusvæðið til þess að athuga stíflu, er af manna völdum hefi verið sett í neðri farveg merkjalækjarins. Kveður hann hafa upplýstst, að drengir, er dvöldu á vegum Friðriks Jónssonar í sumarbústað hans við Laxfoss, hafi gert stíflu þessa, og hafi Friðrik í viðtali við sýslumann viðurkennt, að neðri farvegurinn réði merkjum milli jarðanna, og sérstaklega bendir hann á, að ef Friðrik hefði talið efri farveginn eiga að ráða merkjum, þá hefði verið sérstök ástæða fyrir hann af þessu tilefni að hefjast handa um höfðun landamerkjamáls. Loks bendir hann á, að allir staðhættir á þrætusvæðinu bendi til þess, að neðri farvegurinn hafi um marga undanfarna áratugi verið aðalfarvegur lækjarins. Tilgreinir hann þar, að sá farvegur er dýpri og greinilegri og ennfremur, að hinn efri er að nokkru leyti grasi gróinn og lítt niðurgrafinn.

Um það atriði, hvor hinna tveggja lækjarfarvega, er á eyrinni eru, sé aðalfarvegur merkjalækjarins, vill rétturinn taka þetta fram:

Í rskj. nr. 2 vottar Þórarinn Ólafsson, að er hann var á Einifelli á árunum 1893—1901, hafi merkjalækurinn fallið í einu lagi beint niður í gegnum grasbalann, og í framburði sínum fyrir réttinum 24. sept. f. á. hefur hann fullyrt, að hann hafi þá fallið í hinum efri farvegi, sem nú er þurr. Þá hefur Ólafur Ólafsson í vottorðum sínum á rskj. 8 og 21 vottað, að á árunum 1884—1898, er hann dvaldist á Einifelli, hafi merkjalækurinn fallið beint og í einu lagi niður í gegnum grasbala og í ána, og hafi hann þá eigi fallið í þeim farvegi, er hann nú fellur í, heldur norðar, nær klettinum við fossinn. Loks hefur Þórarinn Sveinsson í vottorði á rskj. nr. 11 vottað, að á þeim tíma, er hann var kunnugur þarna, hafi merkjalækurinn aðallega runnið eftir efri farveginum, en þó flætt um alla eyrina, er flóð var í honum.

Hins vegar hefur Einar Sigurðsson, bóndi í Höll, sem leiddur hefur verið sem vitni í réttinum og búið hefur á næstu jörð við Einifell og Veðilæk um 64 ára skeið, vottað, að merkjalækurinn hafi allan þann tíma runnið í þeim farvegi, sem hann nú rennur í, en eigi í efri farveginum, en tekur þó fram, að hann hafi eigi séð lækinn, þegar vöxtur var í honum, og geti þá verið, að hann þá fari í þann farveg, sem nú er þurr. Enn fremur hefur Sigurður Sigurðsson, vinnumaður á Veðilæk, verið leiddur sem vitni, og hefur hann vottað, að s. l. 20 ár hafi lækurinn runnið í þeim farvegi, sem hann nú rennur í, og eigi fallið í hinn farveginn, nema vöxtur væri í honum.

Þá hefur Gestur Kristjánsson vottað á rskj. 9, að merkjalækurinn hafi á þeim tíma, er hann man til, ætið runnið í tveimur kvíslum niður eyrina. Enn fremur votta þeir Haukur Kristjánsson og Þórarinn Sveinsson á rskj. 11 og 23, að lækurinn hafi undanfarið haft tvo farvegi niður eyrina.

Samkvæmt þessu ber vitnum alls eigi saman um, hvar lækurinn hafi fallið niður eyrina á undanförnum áratugum. Þó má telja víst, að allmörg undanfarin ár hafi hann fallið í neðri farveginum, nema þegar meiri háttar flóð hafa komið í hann, enda sjást þess glögg merki, þegar báðir farvegirnir eru athugaðir, því neðri farvegurinn er djúpur, stórir hnúllungar í botni hans rauðleitir af mýrarrauða, sem borizt hefur með læknum, en sá efri grunnur og grasvaxinn í botn á alllögum köflum. Þá má geta þess, að viðar en á þessum stað má sjá þess merki, að lækjarfarvegurinn tekur ekki allt það vatn, er í lækinn berst í leysingum og vatnavöxtum, því viðar má sjá fyrir farvegum út frá honum, er líklegt má telja, að hann þá hlaupi í, og getur verið, að kvísl úr honum falli þá í Norð-urá rétt ofan við Laxfoss.

Loks skal þess getið, að vatn það, er í vöxtum fellur um efri farveginn, rennur sýnilega, er fram af grasbakkanum kemur, niður með honum og í vikið næstum alveg á sama stað og neðri farvegurinn kemur fram af grasbakkanum.

Getur rétturinn því eigi fallið á, að lögfull sönnun sé komin fram fyrir því, að merkjalækurinn hafi í þann mund, er landamerkjaskrá Einifells var samin, eða árið 1890, fallið í öðrum farvegi niður eyrina en hann nú fellur, og verður því að telja, að merki milli jarðanna Einifells og Veðilækjar, sé farvegur sá, er lækurinn nú fellur í, og í málinu hefur verið nefndur neðri lækjarfarvegur.

Þá hefur stefnandi undir rekstri málsins haldið því fram, að enda þótt neðri farvegurinn væri talinn ráða merkjum, þá réði hann þeim eigi lengra en þar til hann fellur af grasbalanum niður í lónið. Telur hann, að grjóteyrin fram af grasbalanum eigi að teljast til farvegar Norðurár, því vitað sé, að áin falli oft yfir hana í vexti, enda hafi eyrin myndast aðallega á síðari árum af framburði árinna og grjóti, er hún flytur með sér, og sé lónið eigi annað en farvegur Norðurár. Bendir hann í þessu sambandi á vottorð vitnanna: Friðriks Þórðarsonar á rskj. 3, Guðmundar Tómassonar á rskj. 10, Þórarins Sveinssonar á rskj. 11 og Ásgeirs Bjarnþórssonar á rskj. 25 og enn fremur vitnaframburð þeirra Einars Sigurðssonar og Sigurðar Sigurðssonar, er hann telur styðja þessa staðhæfingu sína. Loks bendir hann á myndirnar á rskj. 4 og 13, er hann telur sýna, að grjóteyrin og lónið hafi aðallega myndast á síðastliðnum 15 árum.

Stefndur heldur því hins vegar fram, að lónið eða vikið, sem lækurinn fellur í fram af grasbalanum, sé áframhald af farvegi lækjarins, og megi í meðalrennsli árinna sjá straumlinu lækjarins út það, þar til hún sameinast straumlinu Norðurár fram undan lóninu. Telur hann því, að miðlina lónsins eigi á sama hátt að ráða merkjum eins og miðlina lækjarins. Neitar hann því eindregið, að sönnur hafi verið á það færðar, að grjóteyrin og vikið séu mynduð á síðustu árum af framburði Norðurár og að land það, sem grjóteyrin er, hafi áður tilheyrt Einifelli. Telur hann að breytingar þær, er vitnin kveðast sjá á þessum stað, stafi af því, að Norðurá hafi, er hún í vexti flæddi yfir bakkann, þar sem grjóteyrin er, rífið burt grassvörð, er þar var áður, en eigi flutt þangað stórgrýti.

Rétturinn verður að líta svo á, að vottorð þau, sem að framan greinir, skeri eigi úr um það, hvort breytingar þær, sem vottorðsgefendur telja sig sjá þarna á bakka Norðurár, stafi af því, að áin hafi rífið burt grassvörðinn af neðri hluta grasbakkans, eða að Norðurá hafi borið þarna að stórgrýti og annan framburð og myndað með því eyrina. En hið síðarnefnda virðist fremur ósennilegt, þar sem áin fellur þarna fremur lygnt og með jöfnum halla

og er nýbúinn að falla niður Laxfoss, þar sem líklegt virðist, að hún hafi losað sig við í hyljina undir fossinum framburð þann, er í jakaruðningi kann að berast með ánni.

Til þess að myndir þær, er stefnandi hefur lagt fram, tækju af allan vafa um þetta efni, þyrftu þær að vera teknar frá nákvæmlega sama stað og þó fyrst og fremst við jafnt rennsli árinna. Hefur rétturinn athugað þetta sérstaklega á staðnum og virðist eldri myndin tekin frá hærri stað en sú yngri og við meira rennsli árinna, enda þótt nokkrum erfiðleikum sé bundið að dæma um rennslið, þar sem miðfossinn hefur verið sprengdur milli þess að myndirnar voru teknar.

Þá má loks geta þess, að á grjóteyrinni sér víða votta fyrir grasverði milli steina, er vel má vera eftirstöðvar af grassverði, er áin undanfarið í vöxtum hefur verið að nema burtu, og sýnir það, að það er eigi að jafnaði og aðeins í verulegum vatnavöxtum, að áin flæðir yfir grjóteyrina.

Loks skal það tekið fram, að í lóninu og meðfram því eru allir steinar rauðleitir af mýrarrauða, en þess gætir eigi annars staðar við grjóteyrina, og virðist það benda til þess, að merkjalækurinn sé nokkurn veginn einráður um vatnsrennsli í lóninu.

Samkvæmt þessu verður rétturinn að líta svo á, að merkjalækurinn eigi að ráða merkjum, einnig eftir að hann fellur fram af grasbalanum og út lónið, sem verður að teljast farvegur hans, þar til straumlina hans mætir straumlinu Norðurár.

Verður því að taka dómkröfu stefnda til greina og ákveða landamerki Einifells og Veiðilækjar eftir miðjum neðri farvegi merkjalækjarins unz straumlina lækjarins sameinast straumlinu Norðurár.

Kostnaður við landamerkjadóminn ákveðst þannig:

1. Réttargjöld	kr. 65.45
2. Bifreiðakostnaður	— 122.00
3. Dagkaup meðdómenda í 5 daga hvor og ferðakostn.	— 300.00
4. Kostnaður við uppdrátt af þrætusvæðinu	— 50.00
Alls kr. 537.45	

og ber að dæma stefnanda til að greiða hann allan. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkin milli jarðanna Einifells í Stafholtstungnahreppi og Veiðilækjar í Þverárhliðarhreppi ákveðast þannig: Merkin skulu vera eftir miðjum farvegi þeim, er merkjalækurinn nú rennur í, og nefndur er í dómi þessum neðri farvegurinn, unz straumlina lækjarins sameinast straumlinu Norðurár.

Stefnandi, Sturla Friðriksson, greiði kostnað allan við dóm-

inn að upphæð 537 — fimm hundruð þrjátíu og sjö — krónur 45 aura. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans.

Föstudaginn 12. desember 1941.

Nr. 93/1941. **Oddur Helgason** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Kristján Guðlaugsson).

Innheimta skattgjalda.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurðinn hefur upp kveðið Bjarni Pálsson fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóvember þ. á., hefur krafizt ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði og að synjað verði um framkvæmd lögtaks þess, er krafizt var, og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Þeir þrír aðiljar, áfrýjandi, Ernst Halsör og h/f Kveldúlfur, slógu sér saman um leigu á skipi Ole Solbjörgs gegn greiðslu ákveðinnar mánaðarleigu. Í málinu er það að visu komið fram, að Ole þessi Solbjörg hafi gert kröfu til hluttöku í rekstrarágóða af leiguafnotum skipsins á hendur áður nefndum þremur aðiljum eða einstökum þeirra. En gegn mótmælum áfrýjanda eru engar sönnur leiddar að hluttöku Solbjörgs í ágóða eða tapi af nefndri starfrækslu þeirra samkvæmt skipsleigusamningnum, og verður téður Ole Solbjörg því eigi talinn félagi í fyrirtæki hinna þriggja áður nefndra aðilja.

H/f Kveldúlfur telur sig hafa ráðstafað ágóðahlut sínum til 30 nafngreindra manna, án þess að séð verði, að menn þessir ættu að bera nokkra áhættu af starfrækslunni. Þessir